

GLÓSUTÆKNI

1. Koma undirbúinn og lesinn í kennslustund.
2. Dagsetja, merkja og skrifa efni dagsins efst á blaðið.
3. Skipta blaðinu í tvo dálka

Fyrirsögn,
lykilorð, efnisatriði

Skrifa fyrirsögn, lykilorð,
efnisatriði vinstra megin á blaðið og nota
ca. 1/3 hluta af blaðinu til þess. Hægra
megin á blaðið ca. 2/3 eru skrifaðar
upplýsingar, glósur og útskýringar sem
tengjast fyrirsögninni, lykilorðinu eða
efnisatriðinu.

Auðveldari yfirllestur

Auðveldara er að lesa glósumnar yfir ef þær
eru skrifaðar upp með þessum hætti, bæði
til að rifja upp eftir kennslustundina, vinna
verkefni og að lesa og læra glósumnar fyrir
próf.

4. Hafðu gott bil á milli efnisatriða, ekki skrifa báðum megin á blaðið.
5. Notaðu röðun og upptalningu þar sem það á við, það auðveldar
yfirllestur og að læra fyrir próf.
6. Notaðu skammstafanir, stikkorð
7. Notaðu skýringamyndir og tákni, teiknaðu og litaðu að vild.
8. Skrifaðu niður allt það sem kennarinn skrifar upp á töflu eða hann
endurtekur og gefur til kynna að efnið sé mikilvægt.
9. Búðu til spurningar upp úr glósunum.
10. Lestu glósumnar vel fyrir próf. Því meira sem þú vinnur með efnið því
betra. Búðu til glósur úr glósunum, það er dragðu saman aðalatriðin.
Gerðu hugarkort, spurningar og fleira.